⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3230 – Statoil/BP/Sonatrach/In Salah JV)

2003/EES/60/15

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. nóvember 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið Statoil ASA (Statoil), sem er í eigu norska ríkisins, breska fyrirtækið BP plc (BP) og alsírka fyrirtækið Société nationale pour la recherche, la production, le transport, la transformation et la commercialisation des hydrocarbures (Sonatrach), sem er í eigu alsírka ríkisins, öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir fyrirtækjunum In Salah Gas Limited og In Salah Gas (Services) Limited á Ermarsundseyjum (saman In Salah JV), sem eru nú í sameiginlegri eigu BP og Sonatrach, með hlutafjárkaupum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Statoil: olíu- og jarðgasleit og olíu og jarðgasvinnsla, sala á gasi, olíuhreinsun, dreifing á orku og vörum í smásölu
 - BP: olíu- og jarðgasleit og olíu og jarðgasvinnsla, olíuhreinsun, markaðsfærsla, sala og flutningur, framleiðsla og markaðsfærsla á olíuöðfnum og skyldum vörum, gas, raforka og endurnýjanleg orka
 - Sonatrach: leit, framleiðsla, flutningur, hreinsun og markaðsfærsla um allan heim á olíu og gasi
 - In Salah JV: jarðgasleit, vinnsla og markaðssetning jarðgass og lagning gasleiðslnu í Alsír
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 285 hinn 28. nóvember 2003. Athugasemdirnar má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3230 – Statoil/BP/Sonatrach/In Salah JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3303 – GE/Vivendi Universal Entertainment)**

2003/EES/60/16

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. nóvember 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company (GE) öðlast yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu bandaríska fyrirtækinu Vivendi Universal Entertainment LLLP (VUE), sem er nú í eigu franska fyrirtækisins Vivendi Universal SA með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: stundar fjölbreytilegan rekstur á sviði framleiðslu, tækni og þjónustu í ýmsum undirfyrirtækjum, m.a. NBC (National Broadcasting Company)
 - VUE: framleiðir og dreifir leiknum kvikmyndum, rekur kapalsjónvarpsstöðvar, framleiðir og dreifir sjónvarpsefni, rekur kvikmyndaver og skemmtigarð
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 285 hinn 28. nóvember 2003. Athugasemdirnar má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3303 – GE/Vivendi Universal Entertainment, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um samning um umsýslu réttinda vegna vélrænnar fjölföldunar
á hljóðupptökum í Evrópu
(mál nr. COMP/C2/38.772 – Cannes Extension Agreement)**

2003/EES/60/17

Framkvæmdastjórninni barst 1. júlí 2003 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 um samning um framlengingu Cannes-samningsins. Samningurinn var gerður 18. nóvember 2002 á vegum fimm stórra tónlistarútgefenda, Universal Music Publishing Group, Warner/Chappell Music Limited, EMI Music Publishing Europe, BMG Music Publishing International Limited og Sony/ATV Music Publishing Europe annars vegar og hins vegar innheimtusamtaka fyrir réttindi vegna vélrænnar fjölföldunar í EES-ríkjunum og Sviss: AEPI, Austro Mechana, GEMA, MCPS, MCPSI, NCB, SDRM, SABAM, SGAE, SIAE, SPA, STEMRA og SUISA.

Cannes-samningurinn var gerður 13. nóvember 1997 og féll úr gildi 30. júní 2002. Framkvæmdastjórnin sendi út stjórnsýslubréf um Cannes-samninginn 9. nóvember 2000. Samningsaðilarnir lýstu því yfir þá að tilgangur samningsins væri að auka skilvirkni í umsýslu réttinda vegna vélrænnar fjölföldunar á hljóðupptökum á Evrópska efnahagssvæðinu. Meðal annars væri þóknun innheimtusamtakanna fyrir úthlutun höfundargreiðslna vegna vélrænnar fjölföldunar lækkuð í áföngum með raunverulegri og varanlegri lækkun kostnaðar og aukinni skilvirkni. Samningsaðilarnir samþykktu einnig að hætta um tíma, þ.e. meðan samningurinn væri í gildi, milliliðalausri úthlutun höfundarréttartekna.

Með samningnum um framlengingu Cannes-samningsins er gildistími hans lengdur um hálf fjórða ár frá 1. júlí 2002 að telja og fellur hann því úr gildi 31. desember 2005. Eftir það lengist gildistími samningsins sjálfkrafa um eitt ár í senn nema einhver samningsaðilanna tilkynni um uppsögn hans.

Auk framlengingar á gildistíma Cannes-samningsins, að meðtalinni skuldbindingu til að hætta hvers kyns milliliðalausri úthlutun höfundarréttartekna meðan samningurinn er í gildi, nær samningurinn um framlengingu Cannes-samningsins til annarra málefna sem krefjast samkomulags milli útgefenda og innheimtusamtaka.

Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samstarfssamningurinn, sem tilkynntur hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.

Framkvæmdastjórnin gefur þeim sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum við hinn fyrirhugaða samning á framfæri. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar nr. 17 ríkir þagnarskylda um slíkar athugasemdir.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni áður en þrjár vikur eru liðnar frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 282 hinn 25. nóvember 2003. Athugasemdir, með tilvísun til máls nr. COMP/C2/38.772 – Cannes Extension Agreement, má senda með simbréfi (+32.2.295.01.28) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Antitrust Registry
Office 0/18
B-1049 Bruxelles/Brussel

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í málinu COMP/C2/37.398 – UEFA Champions League 2003/EES/60/18

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Drög að ákvörðun í þessu máli gefa tilefni til nokkurra athugasemda um réttinn til að flytja mál sitt.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

**Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 114. fundi hennar 2003/EES/60/19
14. apríl 2003 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.2861 – Siemens/Drägerwerk/JV**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 114. fundi hennar 14. apríl 2003 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.2861 – Siemens/Drägerwerk/JV.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í málinu COMP/M.2861 – Siemens/Drägerwerk/JV 2003/EES/60/20

(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))

Framkvæmdastjórninni barst 6. desember 2003 tilkynning í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 4064/89 um samfylkingu þar sem fyrirhugað var að Siemens AG keypti af Drägerwerk AG eignarhluta í Dräger Medical AG & Co. KGaA sem er nú að fullu í eigu Drägerwerk AG. Frumathugun leiddi í ljós að samkeppnismál væru í húfi. Því var hafin formleg málsmeðferð samkvæmt c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Siemens AG og Drägerwerk AG hafa tekist á hendur sérstakar skuldbindingar til þess að vinna bug á vandanum. Af þeim sökum hefur málsaðilum ekki verið send greinargerð um andmæli. Málsaðilar hafa ekki óskað eftir upplýsingum úr málaskrá. Hvorki málsaðilar né aðrir hafa andmælt málsmeðferðinni. Málið gefur ekki tilefni til sérstakra athugasemda um réttinn til að flytja mál sitt.

Brussel 3 apríl 2003.

Serge DURANDE

**Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 79. fundi
hennar 22. júní 2000 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.1741 –
MCI Worldcom/Sprint**

2003/EES/60/21

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 79. fundi hennar 22. júní 2000 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.1741 – MCI Worldcom/Sprint.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 277, 18.11.2003.

**Álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 115. fundi hennar
16. apríl 2003 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.2903 –
DaimlerChrysler/Deutsche Telekom/JV**

2003/EES/60/22

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndar um samfylkingar sem var samþykkt á 115. fundi hennar 16. apríl 2003 og varðar drög að ákvörðun í málinu COMP/M.2903 – DaimlerChrysler/Deutsche Telekom/JV.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 277, 18.11.2003.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í málinu COMP/M.2903 – DaimlerChrysler/
Deutsche Telekom/JV**

2003/EES/60/23

**(í samræmi við 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB,
KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum
(Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))**

Drög að ákvörðun í þessu máli gefa tilefni til nokkurra athugasemda.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 277, 18.11.2003.

**Ákvörðun franskra stjórnvalda um að leggja skyldur um opinbera
þjónustu á áætlunarflug í Frakklandi**

2003/EES/60/24

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Dijon og Clermont-Ferrand í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 277, 18.11.2003.

Skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**2003/EES/60/25**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta þeim skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli Lannion og Parísar (Orly) og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 298* hinn 30. nóvember 2002 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 277, 18.11.2003.

Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**2003/EES/60/26**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta þeim skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli Parísar (Orly) og Carcassonne og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 227* hinn 1. september 1995, með breytingum frá 29. desember 1995 (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna C 349*) og 14. júní 1997 (*Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna C 180*) í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 279, 20.11.2003.

Ákvörðun franskra stjórnvalda um að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug í Frakklandi**2003/EES/60/27**

Frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Bourges og Lyon-Saint-Exupéry í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 279, 20.11.2003.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**2003/EES/60/28****Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree**

Bresk stjórnvöld hafa ákveðið að breyta þeim skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree og fram koma í tilkynningum sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 387/06* og *C 387/07* hinn 21. desember 1996, með áorðnum breytingum sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 355/03* hinn 8. desember 1999 og *C 310/07* hinn 13. desember 2002 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 278, 19.11.2003.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr.
4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2003/EES/60/29

**Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi
milli Glasgow og Barra**

Bresk stjórnvöld hafa ákveðið frekari breytingar á þeim skyldum um opinbera þjónustu sem hvíla á áætlunarflugi milli Glasgow og Barra og fram koma í tilkynningu sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 387/06 hinn 21. desember 1996, með áorðnum breytingum sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 355/04 hinn 8. desember 1999 og C 310/08 hinn 13. desember 2002 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 278, 19.11.2003.

Áætlunarflug

2003/EES/60/30

**Útboðslýsing franskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar
ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Dijon og Clermont-Ferrand**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Dijon og Clermont-Ferrand. Upplýsingar um þessar skyldur um opinbera þjónustu birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 277 hinn 18. nóvember 2003.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug milli Dijon og Clermont-Ferrand hinn 1. mars 2004 í samræmi við þær skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á flugleiðinni og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu frönsk stjórnvöld takmarka flugrekstur á þessari leið við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til flugrekstrar á leiðinni frá 1. apríl 2004 í almennu útboði.

Útboðsgögnin í heild, m.a. sérreglur sem gilda um útboðið og samningur um yfirtöku opinberra skyldna ásamt tæknilegum viðauka (endurriti af skyldum um opinbera þjónustu sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) fást endurgjaldslaust hjá:

Chambre de commerce et d'industrie de Dijon
1, place du Théâtre
BP 370, F-21010 Dijon Cédex
Sími: (33) 3 80 65 92 84
Bréfasími: (33) 3 80 65 37 09

Veffang: www.dijon.cci.fr

Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökuvittun á ofangreint pósthfang, og staðfestir pósthstimpill rétta dagsetningu, eða afhent á sama stað gegn kvittun, eigi síðar en sex vikum eftir að þessi útboðstilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003, kl. 17:00 að staðartíma.

Áætlunarflug

2003/EES/60/31

Útboðslýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree (Skotlandi)

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa bresk stjórnvöld lagt skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree. Upplýsingar um þessar skyldur um opinbera þjónustu birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 387/06 og C 387/07 hinn 21. desember 1996 og breytingar á þeim í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 355/03 hinn 8. desember 1999 og C 310/07 hinn 13. desember 2002 og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að að hefja áætlunarflug milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree hinn 1. mars 2004 í samræmi við þær skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á flugleiðinni og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu bresk stjórnvöld takmarka flugrekstur á þessari leið áfram við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til flugrekstrar á leiðinni frá 1. apríl 2004 í almennu útboði.

Útboðsgögnin í heild, m.a. tilboðseyðublað, útboðslýsing, samningsskilmálar ásamt viðaukum auk endurrits af skyldum um opinbera þjónustu sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 387/06 og C 387/07 hinn 21. desember 1996 og breytingum á þeim sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 355/03 hinn 8. desember 1999 og C 310/07 hinn 13. desember 2002 og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003 fást endurgjaldslaust hjá stjórnvaldinu sem gerir verksamninginn:

Scottish Executive Enterprise, Transport and Lifelong Learning Department
Transport Division 2/2
Victoria Quay
UK-Edinburgh EH6 6QQ
Sími: (44) 131 244 08 54. Bréfasími: (44) 131 244 08 71.

Att: Grace McGuire, SEETLLD – Transport Division 2/2.

Tilboð skulu send á ofangreint pósthfang eigi síðar en einum mánuði eftir að þessi útboðstilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 279 hinn 20. nóvember 2003. Heimild til að opna tilboð hafa tilteknir starfsmenn eftirtalinna deilda skosku stjórnarinnar: Enterprise, Transport and Lifelong Learning Department og Commercial Services Division.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 279 frá 20. nóvember 2003.

Áætlunarflug

2003/EES/60/32

Útboðslýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Glasgow og Barra (Skotlandi)

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa bresk stjórnvöld lagt skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Glasgow og Barra. Upplýsingar um þessar skyldur um opinbera þjónustu birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 387/06 hinn 21. desember 1996 og breytingar á þeim í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 355/04 hinn 8. desember 1999 og C 310/08 hinn 13. desember 2002 og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug milli Glasgow og Barra hinn 1. mars 2004 í samræmi við þær skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á flugleiðinni og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu bresk stjórnvöld takmarka flugrekstur á þessari leið áfram við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til flugrekstrar á leiðinni frá 1. apríl 2004 í almennu útboði.

Útboðsgögnin í heild, m.a. tilboðseyðublað, útboðslýsing, samningsskilmálar ásamt viðaukum auk endurrits af skyldum um opinbera þjónustu sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 387/06 hinn 21. desember 1996 og breytingum á þeim sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 355/04 hinn 8. desember 1999 og C 310/08 hinn 13. desember 2002 og *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 278 hinn 19. nóvember 2003 fást endurgjaldslaust hjá stjórnvaldinu sem gerir verksamninginn:

Scottish Executive Enterprise, Transport and Lifelong Learning Department
Transport Division 2/2
Victoria Quay
UK-Edinburgh EH6 6QQ
Sími: (44) 131 244 08 54. Bréfasími: (44) 131 244 08 71.

Att: Grace McGuire, SEETLLD – Transport Division 2/2.

Tilboð skulu send á ofangreint pósthfang eigi síðar en einum mánuði eftir að þessi útboðstilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 279 hinn 20. nóvember 2003. Heimild til að opna tilboð hafa tilteknir starfsmenn eftirtalinna deilda skosku stjórnarinnar: Enterprise, Transport and Lifelong Learning Department og Commercial Services Division.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 279 frá 20. nóvember 2003.

Áætlunarflug

2003/EES/60/33

Útboðslýsing franskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Carcassonne og Parísar (Orly)

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Carcassonne og Parísar (Orly). Upplýsingar um þessar skyldur um opinbera þjónustu birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 279 hinn 20. nóvember 2003.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug milli Carcassonne og Parísar hinn 1. mars 2004 í samræmi við þær skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á flugleiðinni og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu frönsk stjórnvöld takmarka flugrekstur á þessari leið við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til flugrekstrar á leiðinni frá 1. apríl 2004 í almennu útboði.

Útboðsgögnin í heild, m.a. sérreglur sem gilda um útboðið og samningur um yfirtöku opinberra skyldna ásamt tæknilegum viðauka (endurríti af skyldum um opinbera þjónustu sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) fást endurgjaldslaust hjá:

Chambre de Commerce et d'Industrie de Carcassonne-Limoux-Castelnaudary
3, boulevard Camille Pelletan, B.P. 13
F-11001 Carcassonne Cédex
Sími: (33) 4 68 10 36 00
Bréfasími: (33) 4 68 10 36 02

Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á ofangreint pósthfang, og staðfestir pósthstimpill rétta dagsetningu, eða afhent á sama stað gegn kvittun, eigi síðar en sex vikum eftir að þessi útboðstilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 280 hinn 21. nóvember 2003, kl. 17:00 að staðartíma.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 280 frá 21. nóvember 2003.

Áætlunarflug

2003/EES/60/34

Útboðslýsing franskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Bourges og Lyon-Saint-Exupéry

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug milli Bourges og Lyon-Saint-Exupéry. Upplýsingar um þessar skyldur um opinbera þjónustu birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 279 hinn 20. nóvember 2003.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug milli Bourges og Lyon-Saint-Exupéry hinn 1. mars 2004 í samræmi við þær skyldur um opinbera þjónustu sem hvíla á flugleiðinni og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu frönsk stjórnvöld takmarka flugrekstur á þessari leið við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út heimild til flugrekstrar á leiðinni frá 1. apríl 2004 í almennu útboði.

Útboðsgögnin í heild, m.a. sérreglur sem gilda um útboðið og samningur um yfirtöku opinberra skyldna ásamt tæknilegum viðauka (endurríti af skyldum um opinbera þjónustu sem birtust í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*) fást endurgjaldslaust hjá:

Chambre de Commerce et d'Industrie du Cher
Esplanade de l'aéroport
B.P. 54
F-18001 Bourges Cédex
Sími: (33) 2 48 67 80 82
Bréfasími: (33) 2 48 67 80 99

(Þeir sem þess óska geta fengið endurgjaldslaust á sama stað bækling um flugvöllinn í Bourges og upplýsingar um íbúadreifingu og félagslegar og efnahagslegar aðstæður á þjónustusvæði vallarins.)

Tilboð skulu send í ábyrgðarpósti með móttökukvittun á ofangreint pósthfang, og staðfestir pósthstimpill rétta dagsetningu, eða afhent á sama stað gegn kvittun, eigi síðar en sex vikum eftir að þessi útboðstilkynning birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 280 hinn 21. nóvember 2003, kl. 17:00 að staðartíma.

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB C 280 frá 21. nóvember 2003.

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans**2003/EES/60/35**

Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun belgískra stjórnvalda um aðstoð vegna eiginfjárukningar La Poste, ríkisaðstoð nr. N 763/02, sjá Stjtið. ESB C 241, 8.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun belgískra stjórnvalda um aðstoð vegna samsettra flutninga í tengslum við löggjöf um viðgang atvinnulífsins, ríkisaðstoð nr. N 566/02, sjá Stjtið. ESB C 248, 16.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun franskra stjórnvalda um aðstoð vegna rekstrar reglulegrar samsettrar vöruflutningaþjónustu við hlið flutningaþjónustu á vegum eingöngu, ríkisaðstoð nr. N 623/02, sjá Stjtið. ESB C 248, 16.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun ítalskra stjórnvalda um aðstoð við fiskvinnslufyrirtæki (á Langbarðalandi), ríkisaðstoð nr. N 89/03, sjá Stjtið. ESB C 248, 16.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun hollenskra stjórnvalda um aðstoð vegna smíðar tveggja fjölnotaskipa fyrir Sri Lanka-búa, ríkisaðstoð nr. N 192/03, sjá Stjtið. ESB C 252, 21.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun ítalskra stjórnvalda (í héraðinu Friuli Venezia Giulia) um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í handverksgreinum og iðnaði, ríkisaðstoð nr. N 240/03, sjá Stjtið. ESB C 252, 21.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun spænskra stjórnvalda (í Madrid) um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs í flugiðnaði, ríkisaðstoð nr. N 48/03, sjá Stjtið. ESB C 252, 21.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun breskra stjórnvalda (á Norður-Írlandi) um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs á forsamkeppnisstigi, ríkisaðstoð nr. N 92/03, sjá Stjtið. ESB C 252, 21.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun breskra stjórnvalda (á Norður-Írlandi) um aðstoð vegna rannsókna og þróunarstarfs á forsamkeppnisstigi, ríkisaðstoð nr. NN 96/2000, sjá Stjtið. ESB C 252, 21.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð þýskra stjórnvalda (í Saxlandi) vegna sölukynningarstarfs, ríkisaðstoð nr. N 368/03, sjá Stjtið. ESB C 253, 22.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun belgískra stjórnvalda um aðstoð til að stuðla að fjárfestingu stórfyrirtækja í því skyni að hrinda í framkvæmd stefnu vallónsku ríkisstjórnarinnar á sviði sjálfbærrar þróunar, ríkisaðstoð nr. N 17 a/03-N17 b/03, sjá Stjtið. ESB C 257, 25.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað rekstrarstyrki franskra stjórnvalda til skipasmíðastöðva, ríkisaðstoð nr. N 232/03, sjá Stjtið. ESB C 257, 25.10.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun stjórnvalda í Norður-Portúgal um aðstoð vegna þjálfunar í Continental Mabor – Indústria de Pneus, SA, ríkisaðstoð nr. N 805/02, sjá Stjtið. ESB C 266, 5.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun hollenskra stjórnvalda um aðstoð til að stuðla að tæknisamvinnu fyrirtækja og rannsóknarstofnana innanlands og utan, ríkisaðstoð nr. N 248/03, sjá Stjtið. ESB C 266, 5.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun hollenskra stjórnvalda um aðstoð vegna fjárfestingar á sviði endurnýjanlegrar orku, ríkisaðstoð nr. N 266/03, sjá Stjtið. ESB C 266, 5.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun breskra stjórnvalda um aðstoð vegna endurskipulagningar pósthúsakerfis í þéttbýli – Post Office Limited (POL)/Consignia, ríkisaðstoð nr. N 252/02, sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun hollenskra stjórnvalda um rekstraraðstoð til skipasmíðastöðva, ríkisaðstoð nr. N 339/03, sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun ítalskra stjórnvalda (á Sardiníu) um aðstoð vegna uppbyggingar í héraði, ríkisaðstoð nr. N 511/02, sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun breskra stjórnvalda um aðstoð við Post Office Limited í mynd endurgreiðslu á ríkisláni, styrkja til þjónustuuppbyggingar í dreifbýli og endurnýjanlegs rekstrarláns, ríkisaðstoð nr. N 784/02, sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003.

Fullgiltan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum undanskildum, er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/secretariat_general/sgb/state_aids

2003/EES/60/36

Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um námskeið fyrir atvinnulausa geðsjúka og geðfatlaða í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 101/02 (sjá Stjtið. ESB C 246, 14.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Spáni (sjálfstjórnarsvæðinu Galísíu) um námskeið fyrir konur í því skyni að veita þeim starfskunnáttu sem kemur að gagni í atvinnugreinum og störfum sem njóta forgangs í Galísíu; aðstoð nr. XT 74/02 (sjá Stjtið. ESB C 246, 14.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um almenn námskeið fyrir konur í hópi fyrrverandi lyfjafikla í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 91/02 (sjá Stjtið. ESB C 246, 14.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um almenn námskeið fyrir fyrrverandi lyfjafikla í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 77/02 (sjá Stjtið. ESB C 196, 20.8.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um almenn námskeið fyrir fyrrverandi lyfjafikla í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 02/03 (sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um námskeið fyrir mjög fatlaða sem hafa verið atvinnulausir lengi í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 105/02 (sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Þýskalandi (Bæjaralandi) um námskeið fyrir mjög fatlaða sem hafa verið atvinnulausir lengi í því skyni að gera þeim kleift að starfa á almennum vinnumarkaði; aðstoð nr. XT 106/02 (sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Ítalíu (Emilia-Romagna) um framlög til námskeiða fyrir bændur í Reggio Emilia; aðstoð nr. XT 84/02 (sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Bretlandi (Merseyside) um styrki til að auka samkeppnishæfni Merseyside; aðstoð nr. XT 93/02 (sjá Stjtið. ESB C 269, 8.11.2003)

2003/EES/60/37

**Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er í samræmi við reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu
87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja**

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Spáni (sjálfstjórnarsvæðinu Baskalandi) um starfsþjálfun í fyrirtækjum (ráðgjafarþjónusta); aðstoð nr. XS 126/02 (sjá Stjtið. C 238, 4.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Bretlandi (Wales) um svonefnt „Reactive Development Programme“; aðstoð nr. XS 43/03 (sjá Stjtið. C 246, 14.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Bretlandi (West Midlands) um svonefnt „Environmental Business Growth Action Plan“; aðstoð nr. XS 50/03 (sjá Stjtið. C 246, 14.10.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Ítalíu (Emilia-Romagna) um hvetjandi ívilnanir til uppbyggingar og endurbóta á aðstöðu fyrir ferðamenn; aðstoð nr. XS 11/03 (sjá Stjtið. C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Spáni (sjálfstjórnarsvæðinu Murcia) um aðstoð við fyrirtæki við að hrinda í framkvæmd verkefnum á sviði endurnýjanlegra orkulinda; aðstoð nr. XS 28/03 (sjá Stjtið. C 269, 8.11.2003)

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar frá Ítalíu (Liguria) um aðstoð við fjárfestingar farmstöðvafyrirtækja (bundið við lítil og meðalstór fyrirtæki); aðstoð nr. XS 77/02 (sjá Stjtið. C 269, 8.11.2003)

Lögboðnir frídagar á árinu 2004 í aðildarríkjum Evrópusambandsins (*)

2003/EES/60/38

		B	DK	D	EL	E	F	IRL	I	L	NL	A	P	FIN	S	UK
Janúar	1.	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•
	6.				•	•			•			•		•	•	
Febrúar	23.				•					•						
Mars	17.							•								
	25.				•											
Apríl	8.		•			•									•	
	9.		•	•	•	•		•					•	•	•	•
	11.			•							•	•	•	•		
	12.	•	•	•	•	•	•	•	•	•		•	•	•	•	•
	25.								•				•			
	30.										•				•	
Maí	1.	•		•	•	•	•		•	•		•	•	•	•	
	3.							•								•
	5.										•					
	7.		•													
	8.						•									
	20.	•	•	•			•			•	•	•		•	•	
	30.			•							•	•		•	•	
	31.	•	•	•	•		•			•		•			•	•
Júní	2.								•							
	5.		•													
	6.														•	
	7.							•								
	10.											•	•			
	18.														•	
	23.									•						
	25.													•		
26.													•			
Júlí	14.						•									
	21.	•														
Agúst	2.							•								
	13.				•											
	15.	•			•	•	•		•	•		•	•			
	30.									•						•
September																
Október	3.			•												
	5.												•			
	12.					•										
	25.							•								
	26.											•				
	28.				•											
	29.														•	
Nóvember	1.	•				•	•		•	•		•	•			
	6.													•		
	11.	•					•									
	15.	•														
Desember	1.												•			
	6.					•								•		
	8.					•			•			•	•			
	24.		•											•	•	
	25.	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•
	26.	•	•	•	•			•	•	•	•	•	•	•	•	•
	27.															•
	28.															•
	31.		•												•	

(*) Upplýsingar góðfúslega veittar af sendiráðum ríkjanna gagnvart Evrópusambandinu.

Fríðagar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 2004**2003/EES/60/39****Brussel, Lúxemborg**

1. janúar	Nýársdagur, fimmtudagur
2. janúar	Dagurinn eftir nýársdag, föstudagur
8. apríl	Skírdagur, fimmtudagur
9. apríl	Föstudagurinn langi
12. apríl	Annar dagur páska, mánudagur
20. maí	Uppstigningardagur, fimmtudagur
21. maí	Dagurinn eftir uppstigningardag, föstudagur
31. maí	Annar dagur hvítasunnu, mánudagur
21. júlí	Þjóðhátíðardagur Belga, miðvikudagur
1. nóvember	Allra heilagra messa, mánudagur
2. nóvember	Allra sálna messa, þriðjudagur
24. desember	} Jól og áramót: sex dagar
31. desember	

SAMTALS: 17 dagar

2003/EES/60/26	Breytingar franska stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi	26
2003/EES/60/27	Ákvörðun franska stjórnvalda um að leggja skyldur um opinbera þjónustu á áætlunarflug í Frakklandi	26
2003/EES/60/28	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree	26
2003/EES/60/29	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar breskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Glasgow og Barra	27
2003/EES/60/30	Áætlunarflug – Útboðslýsing franska stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Dijon og Clermont-Ferrand	27
2003/EES/60/31	Áætlunarflug – Útboðslýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Glasgow og Campbeltown og Glasgow og Tiree (Skotlandi)	28
2003/EES/60/32	Áætlunarflug – Útboðslýsing breskra stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Glasgow og Barra (Skotlandi)	29
2003/EES/60/33	Áætlunarflug – Útboðslýsing franska stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Carcassonne og Parísar (Orly)	30
2003/EES/60/34	Áætlunarflug – Útboðslýsing franska stjórnvalda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Bourges og Lyon-Saint-Exupéry	31
2003/EES/60/35	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki	32
2003/EES/60/36	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar	34
2003/EES/60/37	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja	35
2003/EES/60/38	Lögboðnir frídagar á árinu 2004 í aðildarríkjum Evrópusambandsins	36
2003/EES/60/39	Frídagar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins árið 2004	37

3. Dómstóllinn